

Árborg, 8. apríl 2022

B.t. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar

Efni: Beiðni um samþykki sveitarfélagsins Árborgar fyrir veitingu stofnframlags vegna byggingar íbúðarkjarna við Nauthaga 2 á Selfossi.

Bergisinn bs. fyrir hönd óstofnaðs hses. óskar eftir staðfestingu á stofnframlagi sveitarfélagsins Árborgar vegna verkefnis að Nauthaga 2 á Selfossi þar sem fyrirhugað er að byggja 6 íbúða búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Stofnframlag sveitarfélagsins er forsenda þess að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun samþykki veitingu stofnframlags ríkisins á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Stofnframlag sveitarfélags skal nema 12% af stofnvirði almennrar íbúðar. Óskað er eftir að stofnframlagið verði í formi lækkunar eða niðurfellingar á gjöldum sem umsækjanda ber að standa skil á til sveitarfélagsins ásamt beinu fjárframlagi, samtals kr. 27.644.184-.

Um er að ræða áætluð gatnagerðargjöld að upphæð kr. 21.560.000 og beinu fjárframlagi að upphæð kr. 6.084.184-, samtals 12% stofnframlag.

Forsenda fyrir veitingu stofnframlags sveitarfélags er að umsækjanda verði jafnframt veitt stofnframlag ríkisins, sbr. 7. gr. sömu reglugerðar nr 183/2020. Ákvörðun sveitarfélags um veitingu stofnframlags skal falla niður hafni Húsnæðis- og mannvirkjastofnun umsókn um stofnframlag ríkisins, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 183/2020.

Stofnframlag sveitarfélagsins, verði beiðni þessi samþykkt, yrði í formi lækkunar eða niðurfellingar gjalda og fjárframlags. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verðmetur stofnframlagið.

Sótt var um stofnvirði verkefnis til HMS að upphæð kr. 230.368.200-. Stofnframlög taka mið af þeirri upphæð.

Heildarumsókn um stofnframlög voru: 87.525.188 kr og skiptast eftirfarandi

Ríki:

18% - 41.466.276 kr.

4% - 9.214.728 kr.

Aukaframlag: 9.200.000 kr.

Sveitarfélag/Árborg:

12% - 27.644.184 kr.

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergisans bs.

